# Þekkingarsetur Suðurnesja

# Ársreikningur 2016

Þekkingarsetur Suðurnesja
Garðvegi 1
245 Sandgerði

Kt. 460712-0920

Númer í sjóðaskrá 623

# Efnisyfirlit

| | bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og forstöðumanns ........................................ | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda ........................................ | 4 |
| Rekstrarreikningur ........................................ | 6 |
| Efnahagsreikningur ........................................ | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit ........................................ | 8 |
| Skýringar ........................................ | 9 |

# Undirritun stjórnar og forstöðumanns

Þekkingarsetur Suðurnesja var stofnað í apríl 2012 og hófst starfsemi þess sama ár en setrið starfar samkvæmt skipulagsskrá númer 623. Markmið setursins eru þríþætt; Rannsóknir og þróun, Háskólanám og samþætting þekkingarstarfs, Símenntun og aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum.

Á árinu störfuðu 8 starfsmenn hjá setrinu og námu launagreiðslur til þeirra 16,2 millj. kr. og auk þess voru 461 þús. kr. greiddar til stjórnarmanna. Þá greiddi setrið 3,6 millj. kr. í launatengd gjöld.

Hagnaður varð af rekstri setursins á árinu að fjárhæð 4,7 millj. kr. Heildareignir námu 11,2 millj. kr. í árslok en skuldir 8,6 millj. kr. Eigið fé í árslok nam um 2,6 millj. kr. Vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar eiginfjárhreyfingar á árinu.

Stjórn og forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Sandgerðisbæ, 3. maí 2017.

Í stjórn setursins:

Forstöðumaður:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Þekkingarseturs Suðurnesja („setursins“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu setursins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð setrinu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og forstöðumanns á ársreikningnum

Stjórn og forstöðumaður eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstöðumanni að leggja mat á rekstrarhæfi setursins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa setrið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits setursins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstöðumanns á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi setursins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert setrið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjanesbæ, 3. maí 2017

***KPMG ehf.***

Guðný H. Guðmundsdóttir

Lilja Dögg Karlsdóttir

# Rekstrarreikningur ársins 2016

| | Skýr. | Rauntölur 2016 | Áætlun 2016 | Rauntölur 2015 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Ríkissjóður samkvæmt fjárlögum | | 16.700.000 | 16.700.000 | 16.300.000 |
| Sandgerðisbær vegna sýningarhalds | | 3.091.433 | 3.100.000 | 3.030.958 |
| Sandgerðisbær vegna endurbóta | | 1.113.568 | 2.400.000 | 1.356.377 |
| Styrkir | 7 | 750.000 | 2.000.000 | 2.450.000 |
| Aðgangseyrir | | 795.740 | 850.000 | 1.240.433 |
| Leigutekjur | 8 | 10.865.200 | 6.750.000 | 6.278.550 |
| Aðrar tekjur | | 4.658.272 | 3.010.000 | 598.661 |
| | 2 | 37.974.213 | 34.810.000 | 31.254.979 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 9 | 21.225.985 | 20.540.000 | 24.577.225 |
| Annar rekstrarkostnaður | 10 | 12.018.365 | 12.684.400 | 12.130.573 |
| Afskriftir | 3 | 117.184 | 0 | 117.184 |
| | | 33.361.534 | 33.224.400 | 36.824.982 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði | | 4.612.679 | 1.585.600 | ( 5.570.003 ) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 85.971 | 40.000 | 51.438 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | | ( 16.898 ) | 0 | ( 10.286 ) |
| Vaxtagjöld | | ( 14.033 ) | 0 | ( 6.146 ) |
| | | 55.040 | 40.000 | 35.006 |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | 5 | 4.667.719 | 1.625.600 | ( 5.534.997 ) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Tæki og búnaður | | 288.592 | 405.776 |
| Fastafjármunir | 3 | 288.592 | 405.776 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | | 576.001 | 512.567 |
| Handbært fé, skilyrt | 4,5 | 3.784.938 | 1.352.704 |
| Handbært fé | 4 | 6.597.362 | 519.182 |
| Veltufjármunir | | 10.958.301 | 2.384.453 |
| **Eignir samtals** | | 11.246.893 | 2.790.229 |
| **Eigið fé** | | | |
| Stofnfé | | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Annað eigið fé | | 1.643.940 | ( 3.023.779 ) |
| Eigið fé | 5 | 2.643.940 | ( 2.023.779 ) |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Fyrirframfengið framlag vegna viðhaldsframkvæmda | 6 | 2.936.048 | 1.092.174 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 11 | 5.666.905 | 3.721.834 |
| Skuldir samtals | | 8.602.953 | 4.814.008 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 11.246.893 | 2.790.229 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

| | Skýr. | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarniðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi ................................ | 5 | 4.667.719 | ( 5.534.997 ) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir ........................................................................................ | 3 | 117.184 | 117.184 |
| Veltufé frá (til) rekstrar | | 4.784.903 | ( 5.417.813 ) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun ............................................ | | ( 63.434 ) | 1.487.433 |
| Skammtímaskuldir, hækkun .......................................................... | | 1.945.071 | 359.631 |
| Fyrirframfengið framlag vegna viðhaldsframkvæmda, hækkun ..... | 6 | 1.843.874 | 1.092.174 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 3.725.511 | 2.939.238 |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 8.510.414 | ( 2.478.575 ) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu** ....................................... | | 8.510.414 | ( 2.478.575 ) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** .................................................................... | | 1.871.886 | 4.350.461 |
| **Handbært fé í árslok** .......................................................................... | 4 | 10.382.300 | 1.871.886 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Rekstrartekjur

Rekstur setursins er fjármagnaður með framlögum frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti sem eru ákvörðuð á fjárlögum hvers árs. Setrið fær árlega greiðslur fyrir umsjón og rekstur sýninga í eigu Sandgerðisbæjar. Sandgerðisbær veitir setrinu árlega framlag til viðhalds á húsnæðinu að Garðvegi 1 sem er í eigu bæjarins. Leigutekjur eru tilkomnar vegna áframleigu rýma í húsinu til lengri og skemmri tíma. Aðrar tekjur eru tilkomnar vegna sérstakra verkefna sem setrið vinnur.

### 3. Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

| | **Tæki og búnaður** |
|---|---:|
| Heildarverð 1.1.2016 | 835.920 |
| Afskrifað áður | ( 430.144 ) |
| Bókfært verð 1.1.2016 | 405.776 |
| Afskrifað á árinu | ( 117.184 ) |
| Bókfært verð 31.12.2016 | 288.592 |
| | |
| Heildarverð 31.12.2016 | 835.920 |
| Afskrifað samtals 31.12.2016 | ( 547.328 ) |
| Bókfært verð 31.12.2016 | 288.592 |
| | |
| Afskriftarhlutföll | 10 - 20% |

Vátryggingaverðmæti innbús, tækja og safnamuna nam 60,3 millj. kr. í árslok 2016.

### 4. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### 5. Eigið fé

Yfirlit um breytingu á eiginfjárreikningi:

| | **Stofnfé** | **Annað eigið fé** | **Samtals** |
|---|---:|---:|---:|
| Eigið fé 1.1.2016 | 1.000.000 | ( 3.023.779 ) | ( 2.023.779 ) |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | 4.667.719 | 4.667.719 |
| Eigið fé 31.12.2016 | 1.000.000 | 1.643.940 | 2.643.940 |

# Skýringar, frh.:

**6. Önnur mál**

Þekkingarsetur Suðurnesja hefur gert samning við Mennta- og menningarmálaráðuneyti um starfsemi og þjónustu setursins og eru framlög til þess tilgreind á fjárlögum hvers árs.

Þekkingarsetur Suðurnesja hefur gert ótímabundinn leigusamning við Sandgerðisbæ vegna Garðvegar 1 og nemur leigugjald hvers árs rekstrarkostnaði hússins þ.m.t. öll lögbundin gjöld. Í samningnum er ákvæði þess efnis að Sandgerðisbær lofar að leggja Þekkingarsetri Suðurnesja til andvirði fasteignagjalda húseignarinnar ár hvert á meðan samningurinn er í gildi. Ber Þekkingarsetri Suðurnesja að nýta framlagið til þess er telst eðlilegt viðhald á húseigninni, að fenginni ráðgjöf aðila með sérþekkingu á slíku.

Kostnaður við viðhald húsnæðis á árinu 2016 var lægri en andvirði fasteignagjalda ársins og því ákveðið að geyma hluta framlagsins til viðhalds á komandi árum. Sá hluti er færður sem fyrirframfengið framlag í efnahagsreikningi.

Handbært fé, skilyrt samanstendur af bankareikningi sem geymir framlög vegna viðhaldsframkvæmda og verður nýtt til slíks á næstu árum.

# Sundurliðanir

| | | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **7.** | Styrkir: | | |
| | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið | 0 | 1.000.000 |
| | Vaxtarsamningur Suðurnesja | 0 | 1.000.000 |
| | Uppbyggingarsjóður Suðurnesja | 500.000 | 450.000 |
| | Samfélagssjóður Landsvirkjunar vegna nákuðunga | 250.000 | 0 |
| | | 750.000 | 2.450.000 |
| **8.** | Leigutekjur: | | |
| | Leigutekjur Náttúrustofa | 1.800.000 | 1.800.000 |
| | Leigutekjur Rannsóknarsetur | 1.800.000 | 1.800.000 |
| | Leiga á kerjum | 6.622.200 | 2.416.550 |
| | Leiga á annarri aðstöðu | 643.000 | 262.000 |
| | | 10.865.200 | 6.278.550 |
| **9.** | Laun og launatengd gjöld: | | |
| | Laun | 16.165.376 | 19.053.471 |
| | Stjórnarlaun | 461.424 | 412.689 |
| | Lífeyrissjóðsgjöld | 1.835.340 | 2.201.021 |
| | Sjúkra- og orlofssjóðir | 460.291 | 563.318 |
| | Tryggingagjald | 1.319.262 | 1.640.402 |
| | Bifreiðastyrkur | 97.011 | 218.312 |
| | Áfallið orlof, breyting | 887.281 | 488.012 |
| | | 21.225.985 | 24.577.225 |
| **10.** | Annar rekstrarkostnaður: | | |
| | Húsnæðiskostnaður: | | |
| | Rafmagn | 1.605.399 | 1.294.916 |
| | Hiti | 543.106 | 1.345.766 |
| | Fasteignagjöld | 2.957.442 | 2.448.551 |
| | Tryggingar | 264.899 | 241.916 |
| | Öryggisgæsla | 362.432 | 353.015 |
| | Viðhald húsnæðis | 1.204.981 | 1.356.377 |
| | Annar rekstur húsnæðis | 84.900 | 569.715 |
| | Heilbrigðiseftirlitsgjald | 65.025 | 65.025 |
| | Sorphirða | 187.716 | 164.313 |
| | Hreinlætisvörur | 165.651 | 117.306 |
| | | 7.441.551 | 7.956.900 |
| | Rekstur áhalda og tækja: | | |
| | Viðhald og kaup áhalda og tækja | 950.339 | 445.728 |
| | Rekstur tölvukerfis | 110.309 | 38.104 |
| | Ýmislegt | 0 | 36.654 |
| | | 1.060.648 | 520.486 |

## Sundurliðanir, frh.:

| | | 2016 | 2015 |
|---|---|---|---|
| **10.** | frh.: | | |
| | Stjórnun og umsýsla: | | |
| | Sími | 362.653 | 451.370 |
| | Pappír, prentun og ritföng | 73.262 | 410.460 |
| | Aðkeyptur akstur og ferðakostnaður | 0 | 115.298 |
| | Frímerki og burðagjöld | 10.690 | 11.215 |
| | Vátryggingar | 123.246 | 146.414 |
| | Bókhaldsaðstoð | 491.970 | 378.944 |
| | Endurskoðun og reikningsskil | 426.452 | 405.313 |
| | Kostnaður vegna kreditkorta | 99.272 | 98.714 |
| | Bankakostnaður og seðilgjöld | 33.915 | 43.099 |
| | Auglýsingar | 831.316 | 506.396 |
| | Styrkir og gjafir | 17.677 | 15.000 |
| | Annar kostnaður | 8.179 | 0 |
| | Reykjanes jarðvangur ses | 300.000 | 207.800 |
| | Móttöku- og fundakostnaður | 73.366 | 165.896 |
| | | 2.851.998 | 2.955.919 |
| | Starfsmannakostnaður: | | |
| | Kaffi og matarkostnaður | 40.555 | 61.445 |
| | Starfsmannakostnaður | 105.522 | 76.100 |
| | | 146.077 | 137.545 |
| | Sýningakostnaður: | | |
| | Endurnýjun sýningarmuna | 0 | 27.199 |
| | Charcot sýning | 0 | 129.872 |
| | Kostnaður við INTERACT verkefni | 293.590 | 0 |
| | Kostnaður við sóknaráætlunarverkefni | 131.296 | 0 |
| | Ráðgjafarþjónusta | 0 | 22.072 |
| | Kostnaður vegna vísindaferða og námsferða | 20.007 | 45.415 |
| | Námskeiðakostnaður | 73.198 | 335.165 |
| | | 518.091 | 559.723 |
| | Annar rekstrarkostnaður samtals | 12.018.365 | 12.130.573 |
| **11.** | Ýmsar skammtímaskuldir: | | |
| | Lífeyrissjóður | 313.423 | 260.014 |
| | Félagsgjöld | 50.685 | 53.551 |
| | Staðgreiðsla | 325.885 | 284.164 |
| | Tryggingagjald | 135.300 | 116.416 |
| | Eftirágreiddir skattar starfsmanna | 0 | 10.622 |
| | Ógreitt orlof | 11.498 | 0 |
| | Áfallið orlof | 3.077.159 | 2.189.878 |
| | Ógreiddir ýmsir reikningar | 1.373.760 | 807.189 |
| | Ógreiddur virðisaukaskattur | 379.195 | 0 |
| | Skammtímaskuldir samtals | 5.666.905 | 3.721.834 |